

## Skólaráðsfundur 27. mars 2019

**Mættir:** Anna Brynja Agnarsdóttir, Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir, Björk Óladóttir, Gunnlaug Björk Guðbjörnsdóttir, Patrick Gabriel Bors, Jón Garðar Steingrímsson, Erla Gunnlaugsdóttir, Ása Björk Stefánsdóttir, Halla Óladóttir, Sigríður Salmansdóttir,  
Ritun fundagerðar: Ása Björk Stefánsdóttir.

### Efni fundar

- Umræða um skóladagatal
- Önnur mál

**Skóladagatal** Erla fór yfir og kynnti dagatal. Brynja spurðist fyrir hvort ekki væri hægt færa skólaslitsdag og að slíta skóla fyrir hvítasunnu. Erla ætlar að skoða þá tilfærslu. Almennar umræður um uppbrotsdaga, skipulagsdaga o.fl.

**Önnur mál.** Leyfisveitingar barna. Brynja spurðist fyrir um leyfisveitingar barna úr skóla. Erla og Ása sögðu mikið um slík leyfi. Brynja taldi að hægt væri að neita fólki um frí. Erla og Ása töldu betra að koma skýrum skilaboðum til foreldra um skólaskyldu og að barninu sé hollara að vera í skólanum. Málin rædd í hópnum. Hlutverk vetrarfría – eru þau að gera gagn eða ekki? Er sama hvort um skíðafrí og sólarfrí er að ræða? Jón Garðar nefndi að ýta þyrfti á fyrirtæki í sveitafélaginu að vera meðvitaðir um skóladagatal og frídaga.

Brynja nefndi að nefndarmenn væru starfsmenn sveitafélagsins og því á launum. Það er algjörleg á valdi vinnuveitenda hvort nefndarmaður geti mætt eða ekki á fundatíma innan vinnudags. Færa þurfi fundatíma aftur fyrir vinnutíma.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Ása Björk Stefánsdóttir